

## Sþ. 164. Tillaga til þingsályktunar

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinnsson, Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, fari ekki fram úr 60 krónum á næsta gjaldári, 1946.

### Greiðargerð.

Á Alþingi voru um skeið bornar fram tillögur um, að afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, er ekki höfðu straumtæki, væru ákveðin lægri en þeirra, er straumtæki notuðu. Voru flestir sammála um, að stórum var þá verri aðstaða þeirra, er notuðu rafhlöðutæki, en boríð var við, að mishá afnotagjöld ykju störf við innheimtu o. fl. Þegar nú rýmkaðist um greiðslugetu almennings en stillt var mjög í hóf um afnotagjöldin yfirleitt, þótti ekki ástæða til að sækja það mál frekar um sinn.

Þegar nú afnotagjöld eru hækkuð um tvo fimmstu hluta á næsta ári, eftir því sem lýst hefur verið yfir af útvarpsráði og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir næstkomandi ár, þykir full ástæða til þess að hreyfa málinu að nýju. Leikur og á tveim tungum, hvort nokkur nauðsyn er fyrir hendi að hækka svo afnotagjöldin, þar sem ráðgerður rekstrarafgangur útvarpsins og viðtækjaverzunarinnar næsta ár er nær hálf önnur milljón króna. Næsta árs afnotagjald mun verða margfalt hærra að krónutölum en úvarpsafnotagjöld eru í ýmsum öðrum löndum.

Afnotagjaldsgreiðendur þeir, sem ekki hafa straumtæki, munu nú milli 4 og 5 þúsund, eða nálægt 17% allra notenda, og lækka því tekjur útvarpsins um 160—180 þús. krónur, ef þáttill. þessi nær fram að ganga.

Það dylst engum, sem nokkuð þekkir til, hver kostnaðar- og erfiðleikamunur er á því að hafa straumtæki eða rafhlöðutæki. Oft er það miklum erfiðleikum bundið að ná í rafgeyma og rafhlöður, og mun kostnaður þeirra að jafnaði, miðað við 4 volta geyma, verða 300 til 400 krónur á ári fyrir hvert útvarpstæki, sem mun verða nánar skilgreint í framsögu.